

Ed.

208. Nefndarálit

[91. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er lagt til, að raforkusala í landinu verði skattlögð um 35 millj. kr. í þeim tilgangi, að létta megi af ríkissjóði útgjöldum vegna greiðslu á hallarekstri rafmagnsveitna ríkisins. Á skattur þessi að koma með jöfnum þunga á alla raforkunotkun að undanskilinni orkunotkun Áburðarverksmiðju ríkisins, sem nú fær orku til sinna þarfa fyrir brot af kostnaðarverði. Fram til þessa hefur sá háttur verið ágreiningslaust hafður á, að ríkissjóður greiddi verulegan hluta af halla rafmagnsveitna ríkisins, enda virðist í alla staði eðlilegt, að rafvæðing dreifbýlisins sé studd af sameiginlegum sjóði landsmanna. Nú er hins vegar talið, að hagrur ríkissjóðs sé orðinn slíkur undir stjórn núv. ríkisstjórnar, þrátt fyrir stóru- aukna skattheimtu á yfirstandandi Alþingi, að leysa verði hann undan þeirri fjárhagsbyrði, sem hann hefur borið af þessum sökum. Hér er því raunverulega um almenna skattheimtu af rafmagnsnotendum en í þágu ríkissjóðs að ræða.

Látið er í veðri vaka, að skattlagning þessi sé til hagsbóta raforkunotendum í dreifbýlinu og til eflingar rafvæðingu þar. Svo er þó alls ekki, þar sem orkunotkun í dreifbýlinu og þ. á m. rafmagnsveitna ríkisins er skattlögð með sama hætti og önnur orkunotkun.

Undirritaður telur þennan nýja tekjustofn vægast sagt hæginn af mörgum ástæðum og þó sérstaklega vegna þess, hve skattlagningin kemur óréttlátlega niður á gjaldendur og hefur óheppileg áhrif á orkunotkun. Þannig er þeim, sem nú þegar búa við hæst raforkuverð, gert að greiða jafnháan orkuskatt og hinum, sem búa við hagstæðust kjör. Er þannig um enga raunverulega verðjöfnun að ræða.

Þá kemur skattheimta þessi mjög misjafnlega hart niður á gjaldendum eftir því, hvernig orkuneyzlu þeirra er varið. Þannig er þeim, sem nota raforku til hitunar hífýla sinna, gert að greiða stórupphæðir í skatt, en hinir, sem nota innflutta hitagjafa, sleppa með öllu við skattheimtuna. Þessi skattlagning á raforku til hitunar mun einnig leiða til stórvandræða í rekstri þeirra rafveitna, sem selja mikinn hluta orku sinnar til hitunar, svo sem Rafveitu Akureyrar, Rafveitu Hafnarfjarðar, Rafveitu Siglufjarðar o. fl. Með þessum hætti er einnig stefnt til hreinnar öfugþróunar í orkunotkun, er samkeppnisaðstöðu hins innlenda hitagjafa er spillt til mikilla muna.

Hallarekstur rafmagnsveitna ríkisins er vafalaust vandamál, sem þarfnast gaumgæfilegar athugunar og úrbóta. Stórfelldur mismunur á raforkuverði eftir byggðarlögum og landshlutum þarf einnig að hverfa, eftir því sem fært er. Að lausn þeirra mála hvorra tveggja þarf að vinna í samvinnu við þá aðila, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta. Þær vanhugsuðu og ranglátu tillögur, sem þetta frv. felur í sér, leysa í þessum efnum engan vanda, en hafa í för með sér margs konar ný vandkvæði. Því telur undirritaður, að fella beri frv.

Alþingi, 16. des. 1965.

Björn Jónsson.